

Sp.

501. Tillaga til þingsályktunar

um að ríkið taki á leigu sildarbræðsluverksmiðjuna Ægi í Krossanesi.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson, Bernharð Stefánsson, Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að taka á leigu og reka yfir næstu sildarvertíð sildarbræðsluverksmiðjuna Ægi í Krossanesi.

Jafnframt láti ríkisstjórnin athuga, hvort ekki sé heppilegt, að nefnd sildarbræðsluverksmiðja komist í eign ríkisins, þegar tök væru á.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt eftir ósk hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps og Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps. Eru í bréfum þessara aðila færð fram höfuðrökin fyrir nauðsyn þessa, og þykir því rétt að prenta hér með bréf hreppsnefndarinnar.

Fylgiskjal.

Blómsturvöllum, 11. febr. 1943.

Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps skorar hér með á Alþingi, það er nú situr, að ákveða, að ríkið taki á leigu sildarbræðsluverksmiðjuna Ægi á Krossanesi og starfræki hana í sambandi við og jafnlangan tíma og sildarverksmiðjur ríkisins á næsta sumri.

Greinargerð: Sildarverksmiðjan Ægir hefur verið rekin hér í um þrjá áratugi. Hefur Glerárþorpið að miklu leyti byggt vegna þeirra atvinnuöguleika, sem rekstri verksmiðjunnar hefur fylgt, og íbúarnir sett sig þar niður og byggt heimilisafkomu sína á áframhaldandi starfrækslu verksmiðjunnar. Má af því vera ljóst, hversu örðugt það er fyrir þá tugi verkamanna, sem haft hafa atvinnu sína í verksmiðjunni, að missa hana, svo sem hér hefur raun á orðið, og eiga allt í fullkominni óvissu um atvinnu. Einnig er ekki lítils um vert í þessu efni, að þessi stóra verksmiðja, sem getur afkastað þrjú þúsund og fimm hundruð málum á sólarhring, geti tekið til starfa á komandi sumri, vegna sildveiðiflotans, og aukið veiðimöguleika hans til mikilla muna og bætt þannig afkomu sildarútvegsins og sjómanna, og því fremur sem ekki er líklegt, að möguleikar verði á aukningu sildarvinnslunnar með nýjum verksmiðjum á þessu ári. — Með því að ríkið taki sildarverksmiðjuna Ægi á leigu til rekstrar, er jafnframt því, sem atvinnuerfiðleikar verkamanna í Glerárþorpi eru leystir að allmiklu leyti, bætt úr hinu mikla vandamáli sildarútvegsins um aukna sölumöguleika á aflanum til vinnslu a. m. k. að svo miklu leyti, sem það virðist viðuráðanlegt á þessu ári.

Vonum vér því, að háttvirt Alþingi taki þessa málaleitun vora þegar til úrlausnar á þann hátt, sem vér leggjum til.

Virðingarfyllst,

Í hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps.

Stefán Sigurjónsson. Stefán Kristjánsson. Þorsteinn G. Hörgdal.
Gunnar Kristjánsson. Pétur Valdimarsson.

Til Alþingis, Reykjavík.